

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

8. FUNDUR – 28. janúar 2011

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 8. fundar sem er aukafundur föstudaginn 28. janúar 2011 kl. 16:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Arnar Þór Sævarsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. Lántaka

Afgreiðslur:

Forseti bæjarstjórnar bauð fundarmenn velkomna til aukafundar og kannaði hvort gerðar væru athugasemdir við boðun fundarins. Ekki komu fram athugasemdir.

1. Lántaka

„Bæjarstjórn Blönduóssbæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 95.000.000 kr. til 23 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir við sundlaug sveitarfélagsins, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Arnari Þór Sævarssyni kt. 161171-4339 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Blönduóssbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.“

Skilmálarnir eru lán til 2034 og lánskjör 4,35%.

Forseti bæjarstjórnar bar upp tillögu að lántöku. Samþykkt samhljóða með öllum atkvæðum greiddum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Hilmar Þór Hilmarsson (sign.)

Fundi slitið kl. 16:10

Arnar Þór Sævarsson, ritari (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)

Kári Kárasón (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)